

um radiostefnuvita í Hafnarfirði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hið fyrsta setja upp radiostefnuvita í Hafnarfirði.

#### Greinargerð.

Um langt skeið hefur innsiglingarvitinn í Hafnarfirði komið að harla litlum notum, vegna þess að byggingar hafa svo mjög þrengt að honum, að erfitt er að greina ljós hans frá öðrum. Er hin mesta þörf á, að úr þessu verði bætt, enda hafa komið fram um það óskir frá sjómönnum og slysavarnafélögum. Sjómenn telja, að til mikilla bóta væri, að í Hafnarfirði yrði staðsettur radiostefnuviti, sem gæfi ákveðið hljóðmerki í innsiglingarstefnu til Hafnarfjarðar, en önnur merki til beggja hliða við rétta stefnu. Hljóðmerki þessi mundu heyrast í venjulegum útvarpstækjum. Innsiglingin til Hafnarfjarðar er bein og krókalaus, og gæti radiostefnuviti því að þessu leyti bætt úr annmörkum hins gamla ljósvita. Þar að auki hagar svo til, að sé innsiglingarstefnan til Hafnarfjarðar framlengd út Faxaflóa, nemur hún laust við Garðskaga, eins og meðfylgjandi mynd sýnir.

Radiostefnuviti fyrir innsiglinguna til Hafnarfjarðar yrði því jafnframt til mikils öryggis skipum, sem sigla fyrir Garðskaga, þar sem stjórnendur þeirra gætu í dimmviðri stuðzt við hljóðmerki hans.

